

Orkustofnun
Kristján Geirsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 22. apríl 2022
UST202204-011/B.S.
10.05.01

Efni: Umsókn um leyfi til efnistöku - Fláskarðskriki í Faxaflóa - tímabundið leyfi.
Umsögn

Vísað er til erindis Orkustofnunar dags. 1. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn.

Sótt er um leyfi til töku á allt að 10.000 m³ af skeljasandi og mun leyfi til efnistökkunnar gilda í eitt ár.

Fram kemur í umsókn Björgunar að fyrirtækinu hafi verið heimilt að vinna allt að 1.500.000 m³ af efni úr námunni en í raun hafi einungis verið tekið tæplega 220.000 m³ af efni úr námunni.

Í ljósi núverandi ástands í Evrópu eru uppi hugmyndir um að hefja aftur framleiðslu á sementi og áburði. Flákaskarðskriki er mikilvægasta kalknáma í Faxaflóa og var nýtt allan þann tíma sem Sementsverksmiðjan var í rekstri. Því telur Umhverfisstofnun að skoða eigi hversu mikið magn af skeljasandi sé unnt að vinna úr umræddri námu, hversu mikið magn sé óhætt að taka úr námunni og hvaða aðrir staðir komi til greina varðandi öflun kalks ef aftur verður hafin framleiðsla á sementi og áburði í landinu.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umsóknina.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur